

Fundargerð 469

Miðvikudaginn 27. febrúar 2019 kom stjórn Byggðastofnunar saman til fundar á skrifstofu Sambands íslenskra sveitarfélaga að Borgartúni 30, Reykjavík. Þessir stjórnarmenn sátu fundinn; Illugi Gunnarson (IG) formaður, Gunnar Þór Sigbjörnsson (GÞS), Gunnar Þorgeirsson (GÞ), Karl Björnsson (KB), María Hjálmarsdóttir (MaH) og Sigríður Jóhannesdóttir (SJ). Auk þeirra sátu fundinn Aðalsteinn Þorsteinson (AÞ) forstjóri, Arnar Már Elíasson (AME) forstöðumaður fyrirtækjasviðs, Hjalti Árnason (HÁ) forstöðumaður lögfræðisviðs, Sigurður Árnason (SÁ) sérfræðingur á þróunarsviði, Snorri Björn Sigurðsson (SBS) forstöðumaður þróunarsviðs og Magnús Helgason (MH) forstöðumaður rekstrarsviðs sem jafnframt ritaði fundargerð.

Formaður setti fund kl. 13:17 og lagði fram eftirfarandi dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar - til afgreiðslu
2. Lánamál - til afgreiðslu
3. Lánveitingar til minkabænda - til afgreiðslu
4. Endurskoðun og staðfesting reglna um störf stjórnar - til afgreiðslu
5. Tilnefning fulltrúa í endurskoðunarnefnd - til afgreiðslu
6. Heimild lánanefndar til sölu verðminni hlutabréfa - til afgreiðslu
7. Skýrsla regluvarðar vegna ársins 2018 - til kynningar
8. Staða rekstrar og verkefna skv. starfsáætlun 2019 - til kynningar
9. Útlán ársins 2018 - til kynningar
10. Fundargerðir lánanefndar - til kynningar
11. Byggðaleg áhrif fiskeldis á Íslandi - til kynningar
12. Ársfundur 2019, fyrirkomulag og staðsetning - til umræðu
13. Önnur mál
14. Næsti fundur

Öll gögn sem vísað er til í fundargerðinni höfðu verið sett í fundargátt stofnunarinnar nema annað sé tekið fram.

1. Fundargerð síðasta fundar - til afgreiðslu

Fyrir fundinum liggur fundargerð síðasta stjórnarfundar nr. 468. Engar athugasemdir komu fram og bar formaður hana upp til samþykktar. Samþykkt samhljóða og var fundargerðinni dreift til undirritunar.

2. Lánamál - til afgreiðslu

Fyrir fundinum liggja greiningar lánasérfræðinga á lánsúmsóknum sem fjallað er um hér fyrir neðan. AME kynnti málin.

...

...

...

...

3. Lánveitingar til minkabænda - til afgreiðslu

Þann 18. janúar 2019 var samþykktur í stjórn sérstakur tímabundinn lánaflokkur vegna rekstrarvanda í minkarækt. Í framhaldinu var starfsmönnum falið að greina lánsbeiðnir í þennan tímabundna lánaflokk og lánanefnd að leggja tillögur fyrir stjórn að afgreiðslu í hverju máli fyrir sig.

Fyrir fundinum lá minnisblað frá forstöðumanni fyrirtækjasviðs þar sem farið var yfir þær umsóknir sem bárust og tillögur lánanefndar. Auk þess lá fyrir fundinum greinargerðir allra þeirra umsókna sem borist höfðu.

GÞ vakti athygli á því að ósanngjarnt væri að hafna lánsbeiðni aðila sem staðsettur er utan starfssvæðis Byggðastofnunar þegar stofnuninni væri falið að útteila fjármunum frá ríkinu sem ætlað sé að styðja með almennum hætti við heila atvinnugrein. IG og AÞ reifuðu ástæður þess og 17. gr. reglugerðar nr. 347/2000 um Byggðastofnun sem bannar stofnuninni að veita lán til tiltekinnar sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu.

Formaður lagði til eftirfarandi bókun: „*Stjórn Byggðastofnunar vill vekja athygli ráðherra á því að á meðal umsækjenda er minkabú í Mosfellsbæ. Samkvæmt 17. gr. reglugerðar um Byggðastofnun nr. 347/2000 er Byggðastofnun heimilt „að fjármagna verkefni, veita lán og ábyrgðir á landsbyggðinni, þ.e. ekki í eftirtöldum sveitarfélögum: Hafnarfjarðarkaupstað, Garðabæ, Bessastadahreppi, Kópavogskaupstað, Seltjarnarneskaupstað, Reykjavíkurborg og Mosfellsbæ.“ Af þessu leiðir að ekki er hægt að taka umsókn viðkomandi til greina og hefur henni því verið hafnað.*“

Samþykkt samhljóða.

SJ spurði um búrastöðu, AME svaraði því til að engar umsóknir hefðu enn borist í sértækan lánaflokk stofnunarinnar til búrastækkana sem hafði verið samþykktur í stjórn á síðasta ári.

Eftirfarandi tillögur lánanefndar lágu fyrir fundinum og bar formaður þær upp. Um tryggingar og frekari rökstuðning er vísað í bókannir lánanefndar.

...

...

4. Endurskoðun og staðfesting reglna um störf stjórnar - til afgreiðslu

Skv. reglum um störf stjórnar skal stjórn Byggðastofnunar yfirfara og endurskoða reglur um störf stjórnar að minnsta kosti árlega. Fyrir fundinum lá minnisblað með tillögu um breytingu varðandi árangursmat stjórnar sem AÞ kynnti.

Leggur hann til, til þess að koma til móts við ábendingar innri endurskoðunar um árangursmat stjórnar, að við reglurnar bætist ný 14. gr. svo hljóðandi:

„Stjórn Byggðastofnunar skal árlega meta árangur starfa sinna, verklag og starfshætti, svo og störf undirnefnda. Árlegu árangursmati er ætlað að bæta vinnubrögð og auka skilvirkni stjórnarinnar og felur matið m.a. í sér að stjórnin leggi mat á styrkleika og veikleika í

störfum sínum og verklagi og hugi að þeim þáttum sem stjórnin telur að betur megi fara í störfum sínum. Við matið skal m.a. skoða hvort stjórnin hafi starfað í samræmi við starfsreglur og hvort mikilvæg stjórnarmálefni séu nægilega vel undirbúin og rædd í stjórninni. Stjórnin skal bregðast við niðurstöðum matsins.“

Núverandi 14. gr. færist þá afturfyrir og verður ný gr. 15.

Til máls tóku IG, KB, GPS, GP, MaH og AP

Formaður bar upp tillögu forstjóra og var hún samþykkt samhljóða.

5. Tilnefning fulltrúa í endurskoðunarnefnd - til afgreiðslu

Fyrir fundinum liggur minnisblað forstjóra um tillögu að fulltrúa stjórnar í endurskoðunarnefnd Byggðastofnunar í stað Einars E. Einarssonar sem sagt hefur sig úr stjórn og endurskoðunarnefnd.

AP leggur til við stjórn að Sigríður Jóhannesdóttir verði fulltrúi stjórnar í nefndinni.

Formaður bar upp tillögu forstjóra og var hún samþykkt samhljóða.

6. Heimild lánanefndar til sölu verðminni hlutabréfa - til afgreiðslu

Fyrir fundinum liggur minnisblað frá forstöðumanni fyrirtækjasviðs um tillögu að heimild lánanefndar til að selja hlutabréf stofnunarinnar sem hún á í félögum sem eru verðlítill, og lítill eða enginn rekstur hefur verið eða er í þeim. Um er að ræða eignarhluti í eftirfarandi félögum:

- Austurbrú ses.
- Dýralíf ehf.
- Eðalís hf.
- Fasteignafélagið Kirkjuból ehf.
- Fánasmiðjan ehf.
- Fiskvinnslan Drangur ehf.
- Grand hótél Mývatn ehf.
- Hótél Flúðir hf.
- Hótél Húsavík ehf.
- Hvalamiðstöðin á Húsavík ehf.
- Hæðin Höfðabraut ehf.
- Nes-Listamiðstöð ehf.
- Raflagnir Austurlands ehf.
- Saumastofan Borg ehf.
- Snorri Þorfinnsson ehf.
- Textílsetur Íslands ses.
- Ullarvinnslan Frú Láru ehf.
- Vestfjarðastofa ses.
- Yrkjar ehf.

Formaður bar upp ofangreinda tillögu og var hún samþykkt samhljóða.

7. Skýrsla regluvarðar vegna ársins 2018 - til kynningar

Fyrir fundinum liggur skýrsla regluvarðar vegna ársins 2018 og fór HÁ yfir hana. Kynnti hann þau mál og reglubreytingar sem upp hafa komið á síðasta ári en þar bar hæst innleiðing nýrra persónuverndarlaga.

Lagt var fram erindisbréf regluvarðar vegna ársins 2019, Hjalti Árnason verður regluvörður og Guðbjörg Sigurbjörnsdóttir til vara.

Formaður bar upp skýrslu og erindisbréf regluvarðar vegna 2019 og var það samþykkt samhljóða.

8. Staða rekstrar og verkefna skv. starfsáætlun 2019 - til kynningar

Fyrir fundinum liggur yfirlit yfir stöðu rekstrar og verkefna 31. janúar sem AÞ kynnti.

Í umræðunni tóku þátt IG, KB, GP, AÞ og SJ

9. Útlán ársins 2018 - til kynningar

Fyrir fundinum liggur yfirlit yfir útlánastarfsemina 2018 sem AME kynnti.

10. Fundargerðir lánanefndar - til kynningar

Fyrir fundinum liggja fundargerðir lánanefndar nr. 3/19, 4/19, 5/19, 6/19, 7/19, 8/19 og 9/19 til kynningar.

Engin umræða varð um þær.

11. Byggðaleg áhrif fiskeldis á Íslandi - til kynningar

SÁ kynnti samfélagsleg áhrif fiskeldis og svaraði spurningum stjórnarmanna.

12. Ársfundur 2019, fyrirkomulag og staðsetning - til umræðu

AÞ leggur til að ársfundur stofnunarinnar verði haldinn 11. apríl á Siglufirði. Stjórnarfundur yrði að morgni dags og ársfundur eftir hádegi. Nefndi hann möguleg dagskrárefni t.d. stöður og horfur fyrirtækja á landsbyggðinni, áskoranir í uppbyggingu nýsköpunarfyrirtækja o.fl. Komið til Siglufjarðar kvöldið áður.

13. Önnur mál

Framkvæmdir við húsbýggingu

AÞ upplýsti að hann hefði daginn áður skrifað undir samning við Friðrik Jónsson ehf. um byggingu nýs skrifstofuhúsnæðis en þeir voru með lögsta tilboð í bygginguna og eru framkvæmdir hafnar.

Ráðning nýs starfsmanns

AP upplýsti að Laufey Kristín Skúladóttir hefði verið ráðin sem sérfræðingur á þróunarsviði í stað starfsmanns sem færi fljótlega á eftirlaun.

Skóla- og heilbrigðismál í minni og einangraðri byggðum

IG lagði til að ráðstefna um skóla- og kennslumál í fámennum byggðarlögum yrði haldin á vegum stofnunarinnar. Um væri að ræða stórt byggðamál, mikið væri að gerast í fjarnámi. SJ og MaH nefndu einnig mismun á heilbrigðisþjónustu milli landsbyggðar og höfuðborgar. SBS sagði frá tillögum á þessu sviði í byggðaáætlun.

Stjórn samþykkti að fela starfsmönnum stofnunarinnar að undirbúa slíka ráðstefnu í haust.

Einar E. Einarsson

Stjórn kemur á framfæri þakklæti til Einars E. Einarssonar fyrir hans störf í stjórn Byggðastofnunar.

14. Næsti fundur

Næsti fundur verður haldinn 22. mars nk. á Sauðárkróki.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16:02

Magnús Helgason, fundarritari

_____	_____
_____	_____
_____	_____
_____	_____